

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2001

frá 13. júlí 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XX. viðauka (umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2001 frá 19. júní 2001⁽²⁾.
- 3) Nauðsynlegt er að breyta aðlögunarliðnum við tilskipun ráðsins 93/12/EBE⁽³⁾ í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EBE frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseleldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 212.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 74, 27.3.1993, bls. 81.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

- 5) Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EBE⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Íslandi er heimilt að halda áfram að nota gasolíu, sem ekki uppfyllir kröfur tilskipunarinnar um brennisteinsinnihald, fyrir skip.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 6. lið (tilskipun ráðsins 93/12/EBE) í XVII. kafla í II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við:

„eins og henni var breytt með:

- **398 L 0070:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).
- **399 L 0032:** Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 (Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13)(*).

(*) Tilskipunin er einnig skráð í lið 21ad í XX. viðauka.“

2. Aðlögunartextinn falli brott.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (tilskipun ráðsins 93/12/EBE) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

- 6a. **398 L 0070:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EBE frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).“

3. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21ac (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB) í XX. viðauka við samninginn:

- 21ad. **399 L 0032:** Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13)(*).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 4. gr. skal orðunum „Ísland, fyrir allt landið eða hluta þess“ skotið inn á eftir orðinu „yfirráðasvæði“.

- (*) Tilskipunin er einnig skráð í 6. lið XVII. kafla í II. viðauka við samninginn.“

4. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og tilskipunar ráðsins 1999/32 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.